



FUNDARGERÐ

**250. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 13. október 2025
og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Hulda Karlsdóttir og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri 2025 - 2502036

Víðir Reyrr Þórsson framkvæmdastjóri SOR fór yfir ýmis rekstrarmál sem tengjast SOR.

2. Rekstraryfirlit 2025 - SOR - 2504071

Farið yfir rekstrar- og fjárfestingaryfirlit janúar-ágúst 2025.

Hulda fór yfir rekstur fyrstu átta mánuði ársins. Reksturinn er að mestu í samræmi við áætlanir.

3. Fjárhagsáætlun 2026 - 2510022

Rætt um forsendur fyrir fjárhagsáætlun 2026 og þau fjárfestingarverkefni sem þyrfi að skoða.

Stjórn samþykkir að vísa málinu til næsta fundar.

4. Gjaldskrá 2026 - 2510023

Rætt um forsendur fyrir gjaldskrá 2026.

Stjórn samþykkir að vísa málinu til næsta fundar.

5. Erindi frá Jósep Benediktssyni um sorpurðun - 2112031

Lagt fram erindi frá Jósepi Benediktssyni þar sem kvartað er yfir losun og foki á sorpi frá Sorpstöð Rangárvallasýslu á Strönd yfir á land Varmadals og bókun sveitarstjórnar Rangárbings ytra varðandi málið.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að láta hreinsa upp rusl sem fokið hefur á land Varmadals.

Handwritten signatures and initials:
VR
TBM
JG
KV

6. Aðalfundur SOS 2025 - 2509037

Stjórn samþykkir að Tómas Birgir Magnússon verði aðalmaður á aðalfundi SOS og Björk Grétarsdóttir til vara sem haldinn verður á Kirkjubæjarklaustri 24. okt. nk.

9. Framkvæmdastjóri 2025 Sorpstöð Rang. - 2502028

Lagðar fram upplýsingar vegna ráðningar á framkvæmdastjóra Sorpstöðvar Rangárvallasýslu. Fjórir sóttu um starfið en þrír voru boðaðir í viðtal.

Stjórn leggur til að Haukur Þórðarson verði ráðinn í starf framkvæmdastjóra og formanni stjórnar falið að ganga frá ráðningarsamningi við hann sem liggur fyrir á fundinum. Gert er ráð fyrir að Haukur hefji störf í desember n.k.

Samþykkt samhljóða.

Þá var upplýst að Víðir Reyr Þórsson núverandi framkvæmdastjóri muni genga stöðu framkvæmdastjóra í 50% starfshlutfalli til næstu áramóta.

Haukur Þórðarson mætir á fundinn undir þessum dagskrálið.

7. Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands 2025 - 2502084

Lagt fram til kynningar.

8. Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands 2025 - 2502084

Lagt fram til kynningar.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn mánudaginn 10. nóv. nk.kl. 16:30 í Miðjunni á Hellu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30.

Eggert Valur Guðmundsson

Tómas Birgir Magnússon

Stjórn Sorpstöðvar
Víðir Reyr
Árúla Karlsef.

Tómas B. Magnússon